

Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar

Ársreikningur

2010

Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar
Sigtúni 42
105 Reykjavík
Kt. 480673-1159

Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar

Ársreikningur

2010

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2-3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8-13
Kennitölur	14

Skýrsla stjórnar

Starfsemi sjóðsins á árinu

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu 2010. Rekstrarkostnaður nam 6,2 m.kr. eða 0,68% af hreinni eign í árslok en var 0,55% á árinu 2009. Fjárfestingargjöld nema kr. 4,1 m.kr. eða um 40% af rekstrarkostnaði sjóðsins. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum. Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sér um rekstur sjóðsins. Laun til stjórnar námu 92,7 þ.kr. samanborið við 82,7 þ.kr. árið áður.

Iðgjöld

Í árslok 2010 voru 54 (57) virkir sjóðfélagar hjá 4 atvinnurekendum sem greiddu iðgjöld til sjóðsins (tölur innan sviga eru fyrir árið 2009). Fjöldi virkra sjóðfélaga var að meðaltali 54 (59) árið 2010. Heildariðgjöld námu 102,1 m.kr., (99,3 m.kr.). Af heildariðgjöldum námu sérstök aukaframlög launagreiðenda 82,3 m.kr. (86,3 m.kr.). Hækkun iðgjalda á milli ára nam 3,0%.

Lífeyrir

Heildargreiðslur lífeyris námu á árinu 176,9 m.kr. (176,8 m.kr.) sem er 0,04% hækkun á milli ára. Lífeyrisþegar voru 211 (206) í árslok. Að meðaltali fengu 155 (150) sjóðfélagar greiddan ellilífeyri, 23 (25) örorkulífeyri og 33 (33) makalífeyri og 1 (1) barnalífeyri. Í árslok fengu um 45,5% lífeyrisþega lífeyri samkvæmt svokallaðri eftirmannsreglu en um 54,5% samkvæmt meðaltalsreglu.

Fjárfestingar

Í árslok 2010 námu fjárfestingar sjóðsins 841,5 m.kr. samanborið við 904,3 m.kr. í ársbyrjun. Á árinu 2010 voru keypt verðbréf fyrir um 125,4 m.kr. Þar af voru keypt verðbréf með föstum tekjum fyrir 92,5 m.kr. og verðbréf með breytilegum tekjum 32,9 m.kr. Á árinu voru seld verðbréf og fengnar afborganir verðbréfa fyrir um 188,1 m.kr. Þar af voru seld verðbréf með föstum tekjum fyrir 114,8 m.kr., en 73,3 m.kr. verðbréf með breytilegum tekjum.

Hrein eign

Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2010 var 916 m.kr. (922,9 m.kr.). Lækkunin nemur 6,9 m.kr. eða 0,8%. Nafnávöxtun sjóðsins var samkvæmt formúlu Fjármálaeftirlitsins 7,7% og hrein raunávöxtun 4,9%. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar er neikvæð um 3%. Í kennitölum meðfylgjandi ársreiknings er að finna ítarlegri upplýsingar um ávöxtun einstakra ára.

Tryggingafræðileg athugun

Að mati tryggingastærðfræðings voru heildarskuldbindingar 5.540,2 m.kr. og heildareignir 1.019,9 m.kr. í árslok 2010, samanborið við 1.100,3 m.kr. og 5.465,5 m.kr. árið áður. Hrein eign umfram heildarskuldbindingar var því -81,6% í árslok 2010, samanborið við -79,9% árið áður.

Atburðir eftir uppgjörsdag

Það hafa engir atburðir orðið eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu fyrir ársreikninginn.

Framtíðarþróun

Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á árinu 1998. Í samræmi við samþykktir sjóðsins er viðkomandi launagreiðendum gerður reikningur fyrir þeirri hækkun sem orðið hefur á mánaðarlegum lífeyri sjóðfélaga frá því að taka lífeyris hófst. Þetta hlutfall er nú um 46,5% af greiddum lífeyri þannig að lífeyrissjóðurinn stendur undir 53,5% af greiddum lífeyri. Megináhersla er og verður lögð á tryggja ávöxtun með fjárfestingum í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs og annarra opinberra aðila.


Skýrsla stjórnar


Staðfesting stjórnar

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2010, efnahags hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. apríl 2011.

Í stjórn

Arni Múli Jónasson
Stjórnarformaður


Sævar Freyr Þráinsson


Valdimar Þorvaldsson

Framkvæmdastjóri


Jón G. Kristjánsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, skýringar og kennitölur.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé víðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum síðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja víðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og víðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2010, efnahag hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Akranesi, 19. apríl 2011.

Endurskoðunarstofan Álit ehf.


Löggiltur endurskoðandi

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris

Árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Iðgjöld	6		
Iðgjöld sjóðfélaga		5.760.276	6.068.898
Iðgjöld launagreiðenda		11.807.628	12.328.605
Réttindaflutningur			(5.413.669)
Sérstök aukaframlög		82.302.478	86.280.457
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorku		2.232.447	0
		<u>102.102.829</u>	<u>99.264.291</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	15	(176.870.810)	(176.791.276)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		0	(11.003)
		<u>(176.870.810)</u>	<u>(176.802.279)</u>
Fjárfestingartekjur	7		
Tekjur af eignarhlutum	16	0	394.661
Vaxtatekjur og gengismunur	17	77.857.322	132.463.919
Breyting á niðurfærslu		310.950	(12.610.230)
		<u>78.168.272</u>	<u>120.248.350</u>
Fjárfestingargjöld	8		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(4.128.194)	(3.400.000)
Önnur fjárfestingargjöld		(12.622)	(440.601)
		<u>(4.140.816)</u>	<u>(3.840.601)</u>
Rekstrarkostnaður	8		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	26,27	<u>(6.192.290)</u>	<u>(5.021.764)</u>
(Lækkun) Hækkun á hreinni eign á tímabilinu	4,5	(6.932.815)	33.847.997
Hrein eign frá fyrra ári		<u>922.917.827</u>	<u>889.069.830</u>
Hrein eign í lok tímabils til greiðslu lífeyris		<u>915.985.012</u>	<u>922.917.827</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	31.12.2010	31.12.2009
Fjárfestingar	9 - 12		
Verðbréf með breytilegum tekjum	18	196.046.868	211.290.889
Verðbréf með föstum tekjum	20	499.992.465	510.473.327
Veðlán	22	18.562.170	22.711.274
Bankainnistæður		126.885.548	159.822.328
	21,23	<u>841.487.051</u>	<u>904.297.818</u>
Kröfur	13		
Kröfur á launagreiðendur	24	3.166.500	2.406.293
Aðrar kröfur		2.232.447	9.988.997
		<u>5.398.947</u>	<u>12.395.290</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán		72.623.677	9.637.967
Eignir samtals		<u>919.509.675</u>	<u>926.331.075</u>
Viðskiptaskuldir	14		
Aðrar skuldir		3.524.663	3.413.248
Skuldir samtals		<u>3.524.663</u>	<u>3.413.248</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>915.985.012</u>	<u>922.917.827</u>

Sjóðstreymi

Árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Inngreiðslur			
Iðgjöld		101.342.622	104.474.348
Fjárfestingartekjur.....		45.284.266	142.099.906
Afborganir verðbréfa.....		46.389.278	40.087.650
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....		73.314.684	319.690.071
Seld verðbréf með föstum tekjum.....		68.427.568	581.974
		<u>334.758.418</u>	<u>606.933.949</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir.....		(176.870.810)	(176.802.279)
Fjárfestingargjöld.....		(4.140.816)	(3.840.601)
Rekstrarkostnaður án afskrifta.....		(6.192.290)	(5.021.764)
Aðrar útgreiðslur.....		7.867.965	(12.168.663)
		<u>(179.335.951)</u>	<u>(197.833.307)</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annari fjárfestingu		<u>155.422.467</u>	<u>409.100.642</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		(32.924.377)	(141.934.527)
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		(92.449.160)	(375.562.715)
Lækkun á bankainnistæðum		32.936.780	113.091.865
		<u>(92.436.757)</u>	<u>(404.405.377)</u>
Hækkun á sjóði og veltiinnlánnum		62.985.710	4.695.265
Sjóður og veltiinnlán í upphafi tímabils		<u>9.637.967</u>	<u>4.942.702</u>
Sjóður og veltiinnlán í lok tímabils		<u>72.623.677</u>	<u>9.637.967</u>

Skýringar

I) Starfsemi

1. Almenn

Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar (LA) var stofnaður árið 1973. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur til þess fullgilt starfsleyfi, sem gefið var út 8. desember 1998.

Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs (nr. 140).

2. Sjóðfélagar

Þann 1. júlí 1998 var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Þeim einum sem greiddu til sjóðsins í júní 1998 er heimilt að greiða áfram til hans, enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma. Þetta eru þeir sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Akraneskaupstað, stofnunum bæjarins, sjálfseignastofnunum eða félögum skrásettum á Akranesi sem bæjarfélagið á aðild að og voru iðgjaldaskyldir til sjóðsins.

3. Rekstur

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS) hefur frá 1. janúar 2007 annast daglegan rekstur sjóðsins.

II) Reikningsskilaaðferðir

4. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

5. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

6. Iðgjöld

Iðgjöld í sameign eru færð til tekna þegar skilgreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Ógreidd iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem kröfur á launagreiðendur.

7. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum samanstanda af fengnum arði og breytingu á markaðsverði hlutabréfa, þ.m.t. vegna breytingar á gengi gjaldmiðla.

Vaxtatekjur og gengismunur samanstanda af vaxtatekjum og verðbótum af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bankainnistaðum og ógreiddum iðgjöldum. Einnig af gengismuni erlendra skuldabréfa og breytingu á markaðsverði hlutdeildarskírteina.

8. Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði er skipt á milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar eftir því hvort um er að ræða áætlaðan kostnað við fjárfestingar eða annan rekstur sjóðsins. Í árshlutareikningnum er áætlað að þessi skipting sé í sömu hlutföllum og árið áður.

Önnur fjárfestingargjöld samanstanda af beinum kostnaði við fjárfestingar sjóðsins.

Skýringar

9. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum samanstanda af hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum og tengdum afleiðusamningum. Skráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsverði í árslok. Óskráð bréf eru færð til eignar á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok.

10. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum samanstanda af skuldabréfum og öðrum verðbréfum með föstum vöxtum eða tiltekinni vaxtavíðmiðun. Verðbréfin eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu. Í árslok er metin þörf á niðurfærslu og ef hún er talin nauðsynleg þá er bókfært verð fært niður í áætlað markaðsverð.

11. Veðlán

Veðlán samanstanda af skuldabréfum með veði í fasteignum. Þau eru færð til eignar með sama hætti og önnur verðbréf með föstum tekjum.

12. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Miðgengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

		Meðalgengi ársins		Gengi í árslok	
	Mynt	2010	2009	31.12.2010	31.12.2009
Bandaríkjadollar.....	USD	122,04	123,59	115,05	124,90
Evra.....	EUR	161,89	172,67	153,80	179,88
Danskar krónur.....	DKK	21,74	23,19	20,63	24,17
Sterlingspund.....	GBP	188,55	193,89	178,47	201,60

13. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur og aðrar kröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

14. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

III) Sundurliðanir

15. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	2010	2009
Ellilífeyrir.....	135.364.958	133.546.238
Örorkulífeyrir.....	15.461.619	16.367.389
Makalífeyrir.....	25.914.285	26.748.650
Barnalífeyrir.....	129.948	128.999
	<u>176.870.810</u>	<u>176.791.276</u>

16. Tekjur (gjöld) af eignarhlutum

Tekjur (gjöld) af eignarhlutum greinast þannig:

	2010	2009
Af innlendum hlutabréfum.....	<u>0</u>	<u>394.661</u>

Skýringar

17. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

	31.12.2010		31.12.2009	
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend
Af verðbréfum með breytilegar tekjur.....	24.944.039	0	12.090.442	39.747.277
Af verðbréfum með fastar tekjur.....	41.009.274	0	52.521.363	0
Af veðlánnum.....	1.697.326	0	3.507.240	0
Af bankainnistæðum.....	10.194.805	0	24.555.112	0
Af öðrum liðum.....	11.878	0	42.485	0
	<u>77.857.322</u>	<u>0</u>	<u>92.716.642</u>	<u>39.747.277</u>
Samtals.....		<u>77.857.322</u>		<u>132.463.919</u>

18. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	31.12.2010		31.12.2009	
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend
Skuldabréfasjóðir.....	133.510.656	0	123.709.854	0
Hlutabréf 1).....	12.100.000	4.323.389	12.166.773	0
Hlutabréfasjóðir.....	14.833.884	29.459.310	14.362.077	62.132.185
Vogunarsjóðir.....	0	2.899.629	0	0
Afleiðusamningar.....	(1.080.000)	0	(1.080.000)	0
	<u>159.364.540</u>	<u>36.682.328</u>	<u>149.158.704</u>	<u>62.132.185</u>
Samtals.....		<u>196.046.868</u>		<u>211.290.889</u>

1) Eignarhlutdeild í einstökum hlutafélögum er undir 2% og bókfært verð undir 0,5% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

19. Afleiðusamningar

Bókfært verð afleiðusamninga og undirliggjandi eign (skuld) þeirra greinist þannig:

	Undirliggjandi		Samtals	Samtals
	Eign	Skuld	31.12.2010	31.12.2009
Áætluð staða afleiðusamninga.....	<u>22.215.000</u>	<u>23.295.000</u>	(1.080.000)	(1.080.000)
Krafa um skuldajöfnun.....			<u>1.080.000</u>	<u>1.080.000</u>
Bókfært verð afleiðusamninga.....			<u>0</u>	<u>0</u>

Samanburður á bókfærðu verði og árslokayfirlitum bankanna greinist þannig:

	31.12.2010	31.12.2009
Bókfært verð.....	0	0
Árslokayfirlit bankanna.....	<u>1.528.375</u>	<u>1.327.971</u>
Skuld samkvæmt árslokayfirlitum umfram bókfært verð.....	<u>1.528.375</u>	<u>1.327.971</u>

Skýringar

20. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	31.12.2010		31.12.2009	
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend
Skuldabréf með ríkisábyrgð.....	395.264.597	0	466.965.123	0
Skuldabréf sveitarfélaga.....	100.846.992	0	41.684.106	0
Skuldabréf lánastofnana.....	31.436.219	0	29.690.391	0
Niðurfærsla.....	(27.555.343)	0	(27.866.293)	0
	<u>499.992.465</u>	<u>0</u>	<u>510.473.327</u>	<u>0</u>
Samtals.....		<u>499.992.465</u>		<u>510.473.327</u>
Áætlað markaðsverð.....	<u>565.584.612</u>	<u>0</u>	<u>533.418.630</u>	<u>0</u>

21. Niðurfærsla verðbréfa með föstum tekjum

Bókfært verð verðbréfa með föstum tekjum hefur verið fært niður varúðarniðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Breyting á niðurfærslu á árinu greinist þannig:

	2010	2009
Staða í ársbyrjun.....	29.866.293	143.352.967
Lækkað verðmat verðbréfa.....		(126.096.904)
(Lækkun) Hækkun á niðurfærslu.....	(310.950)	12.610.230
Staða í árslok.....	<u>29.555.343</u>	<u>29.866.293</u>

Niðurfærsla í árslok greinist þannig:

	31.12.2010	31.12.2009
Skuldabréf lánastofnana.....	27.555.343	27.866.293
Veðlán.....	2.000.000	2.000.000
	<u>29.555.343</u>	<u>29.866.293</u>

Kröfur á launagreiðendur hafa jafnframt verið færðar niður 800 þ.kr. varúðarniðurfærslu. Aðrar eignir í ársreikningnum hafa ekki verið færðar niður varúðarniðurfærslu, þar sem ekki er talin óvissa um innheimtu þeirra.

22. Veðlán

Veðlán greinast þannig:

	31.12.2010	31.12.2009
Veðlán til sjóðfélaga.....	20.562.170	24.711.274
Niðurfærsla.....	(2.000.000)	(2.000.000)
	<u>18.562.170</u>	<u>22.711.274</u>

Skýringar

23. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Aðrar fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum, án áhrifa gjaldmiðlasamninga:

	Mynt	31.12.2010	31.12.2009
Íslenskar krónur.....	ISK	804.804.723	827.401.934
Bandaríkjadollarar.....	USD	20.859.890	53.759.963
Evrur.....	EUR	9.496.340	16.199.401
Danskar krónur.....	DKK	4.323.389	4.616.373
Sterlingspund.....	GBP	2.002.709	2.320.147
		<u>841.487.051</u>	<u>904.297.818</u>

24. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur eru vegna ógreiddra iðgjalda og aukaframlaga til greiðslu lífeyris.

25. Fullnustueignir

Sjóðurinn á engar fullnustueignir.

26. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Laun stjórnar greinast þannig:

	2010	2009
Sævar Freyr Þráinsson	46.345	45.945
Valdimar Þorvaldsson	46.345	36.756
Gíslí S. Einarsson	0	0
	<u>92.690</u>	<u>82.701</u>

Laun endurskoðunarnefndar greinast þannig:

Andrés Ólafsson	90.000	0
Sævar Freyr Þráinsson	60.000	0
Valdimar Þorvaldsson	60.000	0
	<u>210.000</u>	<u>0</u>

Aðkeypt þjónusta endurskoðenda greinist þannig:

	2010	2009
Endurskoðun ársreiknings 1)	1.122.892	0
Innri endurskoðun	423.271	251.525
Önnur aðstoð	501.702	108.255
	<u>2.047.865</u>	<u>359.780</u>

1) Þóknun ytri endurskoðenda var greidd af Akraneskaupstað vegna rekstrarársins 2009

Skýringar

IV) Tryggingafræðileg athugun

27. Tryggingafræðileg athugun miðað við árslok 2010 greinist þannig (í þúsundum króna):

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar skuldbinding	Samtals 31.12.2010	Samtals 31.12.2009
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	915.985	0	915.985	922.918
Endurmat verðbréfa.....	52.238	0	52.238	88.065
Núvirði fjárfestingarkostnaðar.....	(96.829)	0	(96.829)	(79.749)
Núvirði framtíðariðgjalda.....	0	148.551	148.551	169.063
<i>Eignir samtals</i>	<u>871.394</u>	<u>148.551</u>	<u>1.019.945</u>	<u>1.100.297</u>
Ellilífeyrir.....	4.020.809	303.717	4.324.526	4.263.660
Örorkulífeyrir.....	141.505	14.323	155.828	164.811
Makalífeyrir.....	884.159	30.015	914.174	918.620
Barnalífeyrir.....	426	0	426	665
Rekstrarkostnaður.....	132.233	13.011	145.244	117.789
<i>Skuldbindingar samtals</i>	<u>5.179.132</u>	<u>361.066</u>	<u>5.540.198</u>	<u>5.465.545</u>
Eignir umfram skuldbindingar.....	<u>(4.307.738)</u>	<u>(212.515)</u>	<u>(4.520.253)</u>	<u>(4.365.248)</u>
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	<u>(83,2%)</u>	<u>(58,9%)</u>	<u>(81,6%)</u>	<u>(79,9%)</u>

Hafa ber í huga að sjóðnum er ekki ætlað að standa að fullu undir réttindum þeim sem sjóðfélögum eru tryggð í reglugerð hans, heldur ber Akraneskaupstað og öðrum launagreiðendum sem greiða til sjóðsins að standa undir hluta útgjalda samanber 23. gr. reglugerðar hans.

Kennitölur

	2010	2009	2008	2007	2006
Ávöxtun					
Nafnávöxtun.....	7,7%	13,1%	(16,6%)	7,4%	15,6%
Hrein raunávöxtun.....	4,9%	4,1%	(28,4%)	1,4%	8,1%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	(3,0%)	(2,2%)	(1,3%)	8,2%	7,1%

Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga

Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð.....	22,9%	20,4%	45,2%	73,2%	80,4%
Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð.....	0,3%	3,0%	4,0%	15,5%	6,4%
Verðbréf með föstum tekjum, skráð.....	58,6%	56,0%	14,8%	4,4%	6,4%
Verðbréf með föstum tekjum, óskráð.....	0,9%	0,5%	2,2%	2,1%	4,1%
Veðlán.....	2,2%	2,5%	2,9%	2,3%	2,7%
Bankainnistæður.....	15,1%	17,7%	30,9%	2,5%	0,0%
	<u>100,0%</u>	<u>100,1%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Eignir í íslenskum krónum.....	95,6%	91,5%	85,7%	84,1%	84,2%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	4,4%	8,5%	14,3%	15,9%	15,8%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

Fjöldi

Fjöldi sjóðfélaga (meðaltal virkra)	54	59	71	78	81
Fjöldi lífeyrisþega (meðatal)	211	209	202	196	204

Hlutfallsleg skipting lífeyris

Ellilífeyrir.....	76,5%	75,5%	73,3%	71,8%	69,8%
Örorkulífeyrir.....	8,7%	9,3%	10,5%	11,0%	12,5%
Makalífeyrir.....	14,7%	15,1%	16,1%	17,0%	17,6%
Barnalífeyrir.....	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%	0,1%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt

Eignir umfram heildarskuldbindingar.....	(81,6%)	(79,9%)	(80,7%)	(72,0%)	(70,9%)
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar.....	(83,2%)	(81,9%)	(82,3%)	(73,0%)	(71,8%)

Rekstur

Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign.....	0,7%	0,5%	0,6%	0,5%	0,1%
Lífeyrisbyrði (lífeyrir í hlutfalli af iðgiöldum).....	173,2%	178,1%	183,9%	168,1%	175,7%